



Anna Þórunn
Björnsdóttir

Kæru félagsmenn HRFÍ.

Ég heiti Anna Þórunn Björnsdóttir og hef ákveðið að bjóða fram krafta mína í aðalstjórn HRFÍ á næsta aðalfundi félagsins.



Ég hef starfað síðustu 23 ár á Fjármálasvið hjá verkfræðistofunni Mannvit og gegnt hlutverki fjármálastjóra síðan 2018 auk þess að sitja í stjórn Mannvit frá 2012-2018. Á síðasta ári var Mannvit keypt af COWI sem er alþjóðlegt fyrirtækið með 8000 starfsmenn. Ég hef því síðastliðið ár unnið við að færa félagið yfir í alþjóðlegt umhverfi og innleiða ný kerfi og ferla.

Ég hef verið viðloðin hundaheiminn og HRFÍ í 20 ár, en árið 2004 eignaðist fjölskyldan sinn fyrsta ættbókafærða hund af tegundinni þýskur fjárhundur. Síðan þá hafa 4 slíkir verið hluti af fjölskyldunni.

Árið 2007 byrjaði ég að þjálfa hund með Björgunarhundasveit Íslands, ásamt því að byrja í nýliðastarfi hjá Hjálparsveit skáta í Garðabæ. Minn fyrsti leitarhundur hét Urður og kláraði hún útkallsréttindi bæði í víðavangsléit og snjóflóðaleit. Ég stafaði með báðum þessum sveitum til 2015.

Árið 2015 fluttum ég og meðræktandi minn inn hunda af tegundinni hvítur svissneskur fjárhundur (White Swiss Shepherd). Fyrsta hvíta gotið fæddist þann 17. júní 2016 og eru gotin nú orðin 12 talsins undir ræktunarnafninu Gunnarsholts. Í gegnum tíðina höfum við ræktað og/eða átt yfir 30 sýninga- og/eða vinnumeistara og flutt inn 15 hunda til ræktunar.

Ég tel framtíð félagsins vera bjarta og gott skref tekið með kaupum á hentugra húsnæði, sem eykur möguleika á öflugra félagstarfi með aðstöðu fyrir æfingar, minni sýningar og aðrar upptökur. Sem áhugamanneskja um hundaræktun, þjálfun og vinnu með hundum, sé ég tækifæri á að gera góða hundamenningu sýnilegri í samfélaginu og efla fræðslu til ræktenda og almennra hundaeiganda. Við þurfum líka að vera dugleg við að nýta okkur tæknina sem gefur félagsmönnum meiri möguleika á að taka þátt óháð búsetu. Þá vona ég að þekking mín á fjármálastjórn geti komið félaginu til góða.

Kær kveðja,
Anna Þórunn